

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Dalsmári 21, breyting á deiliskipulagi leikskólalóðar í Kópavogsdal.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 21. júlí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi Dalsmára nr. 21.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skemmuvegur 2-4, breyting á deiliskipulagi Breiddarinnar (BYKO).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 21. júlí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi Skemmuvegur nr. 2-4.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 3. september 2009.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2009